

Haustönn 2022

Bekkjarnámskrá

5. – 6. bekkur

Bertha Karlsdóttir
LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM

Efnisyfirlit

Almennt.....	4
Íslenska 5. bekkur.....	4
Hæfniviðmið.....	4
Grunnþættir menntunar.....	5
Námsmat.....	6
Íslenska 6. bekkur.....	6
Hæfniviðmið.....	6
Grunnþættir menntunar.....	8
Námsmat.....	8
Stærðfræði 5. bekkur.....	8
Hæfniviðmið.....	8
Grunnþættir menntunar.....	9
Námsmat.....	10
.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Stærðfræði 6. bekkur.....	10
Hæfniviðmið.....	10
Grunnþættir menntunar.....	11
Námsmat.....	12
Samfélagsfræði 5. bekkur.....	12
Hæfniviðmið.....	12
Skipulag kennslunar.....	12
Grunnþættir menntunar.....	12
Námsmat.....	13
Kennsluáætlun.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Samfélagsfræði 6. bekkur.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Hæfniviðmið.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Skipulag kennslunar.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Grunnþættir menntunar.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Námsmat.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Náttúrufræði 5. og 6. bekkur.....	13
Grunnþættir menntunar.....	14
Námsmat	14
Enska 5. – 6. bekkur.....	14
Hæfniviðmið.....	14

Bekkjarnámskrá 5. og 6. bekkjar haustönn 2021

Námsefni	15
Námsmat	15
Danska 5. – 6. bekkur	15
Hæfniviðmið	15
Textílmennt 5. – 6. bekkur	16
Hæfniviðmið:	16
Skipulag kennslunnar	16
Grunnþættir menntunar	16
Námsmat	16
Tónmennt 5. – 6. bekkur	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Hæfniviðmið	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Grunnþættir menntunar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Námsmat	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Heimilisfræði	17
Hæfniviðmið	17
Grunnþættir menntunnar	17
Skipulag kennslunnar	17
Námsmat	17
5. – 6. bekkur upplýsingamennt	18
Hæfniviðmið	18
Skipulag kennslunnar	18
Grunnþættir menntunar	18
Námsmat	18
Myndmennt 5. og 6. bekkur	19
Hæfniviðmið	19
Skipulag kennslunnar	19
Grunnþættir menntunar	19
Námsmat	20
Skólaíþróttir	20
Hæfniviðmið	20
Grunnþættir menntunnar	20
Skipulag kennslunnar	21
Námsmat	21
ART – lífsleikni	21
Hæfniviðmið	21

Bekkjarnámskrá

5. og 6. bekkjar

Almennt

Í fimmta bekk eru sjö nemendur og í sjötta bekk eru nemendurnir níu.

Umsjónarkennari er Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Bekkir eru stóran part vikunnar í samkenndu.

Lykilhæfni er metin þvert á námsgreinar í annarlok á sérstöku námsmatsblaði.

Íslenska 5. bekkur

Kennari: Helga Sunna Sigurjónsdóttir

3 tímar í íslensku á viku, samkenndir með 6. bekk. Helga Sunna kennir alla tíma.

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð sig með leikrænni tjáningu fyrir framan hóp og gert grein fyrir skoðunum sínum
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað og horft með athygli á upplestur, ljóð, leikið efni og söngva og gert grein fyrir aðalatriðum
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt og dregið fram aðalatriði
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og valið sér lesefni við hæfi,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap
- beitt nokkrum hugtökum í bragfræði og um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna,
- lesið úr einföldum tölulegum upplýsingum og túlkað þær.

Ritun

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, gengið frá texta í ritvinnslu og notað orðabækur,
- skipulagt og orðað texta sem byggir á grunnþáttum eins og upphafi, meginmáli og niðurlagi,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og kynnt ritun sína,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar,
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu.
- vísað til heimilda.

Málfræði

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- beitt töluðu máli og rituðu af öryggi og gert sér grein fyrir gildi þess að bæta það,
- nýtt sér orðabækur og aðra gagnagrunna um mál,
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, sagnorða og lýsingarorða og greint helstu einkenni þeirra,
- notað hugtök og málshætti í rituðu máli og töluðu,
- beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar,
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu.

Náms- og kennslutilhögun

Nemendur sitja ýmist einir, tveir og tveir saman eða í stærri hópum.

Námsbækurnar mynda almennan ramma um námið. Í þeim er að finna margvíslega texta og verkefni sem nemendur vinna ýmist einir eða saman í hópum undir handleiðslu kennara.

Lögð er sérstök áhersla á lestur. Nemendur lesa á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur og af og til upphátt fyrir kennara.

Nemendur lesa jafnframt daglega heima í heimalestrarbók að eigin vali (í samráði við kennara). Hver nemandi heldur skrá yfir heimalestur sinn í sérstakri bók sem þarf að taka með í skólann á hverjum degi.

Að öðru leyti felst heimavinna aðallega í því að ljúka við verkefni sem ekki náðist að klára í vikunni.

Nemendur ljúka þeim heima í vikulok. Ef nemandi tekur námsbækur með sér heim er mikilvægt að hafa þær með í skólatöskunni næsta skóladag.

Námsgögn

- Málrækt 1 og 2, höf. Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. Námsgagnastofnun 2006, 2007.
- Fyrsti smellur, höf. Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Menntamálastofnun, 2018.
- Ýmiss konar efni frá kennara, af vefsíðum, myndir og myndbönd, bækur og fleira tilfallandi.

Grunnþættir menntunar

- *Læsi*: Í sínum víðasta skilningi er læsi eitt af höfuðmarkmiðum íslenskunámsins. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin. Mikil textavinna og fjölbreytt verkefni þjálfa nemendur í að leita sér upplýsinga, greina texta og finna aðalatriði, endursegja og skilja.

- *Sjálfbærni*: Nemendur þjálfast í því að beita lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem þeim gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum.
- *Lýðræði og mannréttindi*: Í kennslutímum er lagt upp með að efla samábyrgð, virkni og meðvitund allra nemenda í gegnum íslenskunám. Með þátttöku í hópavinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars ásamt því að finna hjá sér kjark til að ígrunda eigin hugmyndir og láta þær í ljós.
- *Jafnrétti*: Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda.
- *Heilbrigði og velferð*: Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og lögð er rík áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólafunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- *Sköpun*: Nemendur þjálfast í að búa til eigin frásagnir í gegnum sögur, teikningar og ljóð. Frágangur verkefna og skil geta verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst.

Námsmat

Lestur:

- Lestrarpróf – hraðlestur.
- MMS – lesferill, prófað í septeber, janúar og maí

Málfræði:

- Símat með verkefnum úr ákveðnum atriðum málfræðinnar.
- Jólapróf í desember gildir 30% á móti símati.

Stafsetning, skrift og ritun:

- Símat með ýmsum verkefnum úr því efni sem fengist er við hverju sinni

Íslenska 6. bekkur

Kennari: Helga Sunna Sigurjónsdóttir

6 tímar í íslensku á viku, allir samkenndir með 5. bekk. Helga Sunna kennir tímana

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð sig með leikrænni tjáningu fyrir framan hóp og gert grein fyrir skoðunum sínum
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað og horft með athygli á upplestur, ljóð, leikið efni og söngva og gert grein fyrir aðalatriðum
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt og dregið fram aðalatriði
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,

- lesið sér til ánægju og fróðleiks og valið sér lesefni við hæfi,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglimum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap
- beitt nokkrum hugtökum í bragfræði og um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna,
- lesið úr einföldum tölulegum upplýsingum og túlkað þær.

Ritun

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, gengið frá texta í ritvinnslu og notað orðabækur,
- skipulagt og orðað texta sem byggir á grunnþáttum eins og upphafi, meginmáli og niðurlagi,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og kynnt ritun sína,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar,
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu.
- vísað til heimilda.

Málfræði

Miðað er að því að við lok annar geti nemandi

- beitt töluðu máli og rituðu af öryggi og gert sér grein fyrir gildi þess að bæta það,
- nýtt sér orðabækur og aðra gagnagrunna um mál,
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, sagnorða og lýsingarorða og greint helstu einkenni þeirra,
- notað hugtök og málshætti í rituðu máli og töluðu,
- beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar,
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu.

Náms- og kennslutilhögun

Nemendur sitja ýmist einir, tveir og tveir saman eða í stærri hópum.

Námsbækurnar mynda almennan ramma um námið. Í þeim er að finna margvíslega texta og verkefni sem nemendur vinna ýmist einir eða saman í hópum undir handleiðslu kennara.

Lögð er sérstök áhersla á lestur. Nemendur lesa á hverjum degi í a.m.k. 20 mínútur og af og til upphátt fyrir kennara.

Nemendur lesa jafnframt daglega heima í heimalestrarbók að eigin vali (í samráði við kennara). Hver nemandi heldur skrá yfir heimalestur sinn í sérstakri bók sem þarf að taka með í skólann á hverjum degi.

Að öðru leyti felst heimavinna aðallega í því að ljúka við verkefni sem ekki náðist að klára í vikunni. Nemendur ljúka þeim heima í vikulok. Ef nemandi tekur námsbækur með sér heim er mikilvægt að hafa þær með í skólatöskunni næsta skóladag.

Námsgögn

- Fyrsti smellur, höf. Ása Marín Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Menntamálastofnun, 2018.

- Málrækt 3, höf. Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. Námsgagnastofnun 2008.
- Ýmiss konar efni frá kennara, af vefsíðum, myndir og myndbönd, bækur og fleira tilfallandi.

Grunnbættir menntunar

- Læsi í sínum víðasta skilningi er eitt af höfuðmarkmiðum íslenskunámsins. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin. Mikil textavinna og fjölbreytt verkefni þjálfa nemendur í að leita sér upplýsinga, greina texta og finna aðalatriði, endursegja og skilja.
- Sjálfbærni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum.
- Lýðræði og mannréttindi endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með þátttöku í hópvinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars.
- Jafnrétti felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda.
- Heilbrigði og velferð nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólafunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- Sköpun. Nemendur þjálfast í að búa til eigin frásagnir, sögur og ljóð. Frágangur verkefna og skil getur verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst.

Námsmat

Lestur og bókmenntir

- MMS – lesferill, prófað í september, janúar og maí
- Símat með ýmsum verkefnum úr því efni sem fengist er við hverju sinni
- Gefin verður einkunn fyrir heimalestur og mun hún koma fram á einkunnarspjaldi

Málfræði

- Símat með verkefnum úr ákveðnum atriðum málfræðinnar.
- Jólapróf í desember gildir 30% á móti símati.

Stafsetning, skrift og ritun:

- Símat með ýmsum verkefnum úr því efni sem fengist er við hverju sinni

Stærðfræði 5. bekkur

Kennarar: Sóley Margeirsdóttir/ Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Sex tímar í stærðfræði á viku samkenndir með 6. bekk

Hæfniviðmið

Við lok 5. bekkjar geti nemandi:

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir,

- rökrætt stærðfræðiverkefni og rökstutt eigin niðurstöður og skilið röksemdir sem settar eru fram af öðrum,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn s.s. tölur og aðgerðamerki og tengt við daglegt mál
- valið og notað hentug verkfæri, svo sem hlutbundin gögn og vasareikni, talnalínur og reiknirit við lausn stærðfræðiverkefna
- fundið lausnleiðir við þrautalausnir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,
- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,
- notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,
- gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi,
- leyst viðfangsefni úr daglegu lífi með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum,
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur,
- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt,
- fundið lausnir á einföldum jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar,
- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,
- greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum,
- notað mælikvarða og lögun í tengslum við teikningar, ummál, flatarmál og rúmmál,
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma, hitastig með viðeigandi mælikvarða,
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti,
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum,
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim

Náms- og kennslutilhögun

Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt í námsbókum á sínum hraða og sínum forsendum og fá aðstoð eftir þörfum. Kennari leggur inn helstu þætti og aðaláherslur hvers kafla og tekur fyrir ákveðna þætti jafnóðum og þeir koma upp. Námið er aðlagð að þörfum hvers og eins með mismunandi fjölda dæma, ítrekuðum æfingum og aukinni aðstoð við þá sem þess þurfa.

Nemendur eru hvattir til að aðstoða hver annan og ræða saman um lausnir og aðferðir í kennslustundum.

Þeir nemendur sem fylgja ekki ofangreindri námáætlun ljúka við það sem upp á vantar heima. Aðrir fá viðbótarefni eftir þörfum.

Námsgögn

- Stika 1a og 1b. Reikningsbækur, gráðubogi, reglustika, reiknivél.
- Kennsluforrit sem fylgir þessu námsefni, á norskum vef „Multi“
- Önnur forrit og leikir af vef
- Önnur námsgögn frá kennara, s.s. teningar, spil, vinnublöð og annað efni.
- Valið efni til að mæta sérstökum þörfum einstakra nemenda.

Grunnþættir menntunar

- *Læsi* á tákn og miðla stærðfræðinnar er forsenda skilnings nemandans. Með þjálfun í að leysa verkefni í hóp og ræða ólíkar lausnir öðlast nemendur færni í að tjá sig með hugtökum stærðfræðinnar og verða læsir á hin ólíku birtingarform hennar. Markmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í leggja merkingu í það sem fengist er við hverju sinni.

- *Sjálfbærni* í stærðfræðikennslunni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Auk þess fá þeir innsýn í hvernig stærðfræði nýtist meðal annars til að finna lausnir á vandamálum daglegs lífs.
- *Lýðræði og mannréttindi* endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum áætlunum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars en um leið að setja sjálfum sér hæfileg markmið.
- *Jafnrétti* í stærðfræðikennslunni birtist fyrst og fremst í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og hæfni á eigin forsendum og hraða og beita fjölbreyttum aðferðum í því augnamiði.
- *Heilbrigði og velferð* nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um verkefni stærðfræðinnar.
- *Sköpun* er veigamikill þáttur í þrautalausnum stærðfræðinnar. Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að finna lausnir á verkefnum sínum. Nemendur verði þess áskynja að sjaldan er aðeins til ein rétt lausn á vanda eða verkefni og oftast má beita margs konar aðferðum til að fá sömu niðurstöðu.

Námsmat

Kaflapróf, tekin við lok hvers kafla.

Jólapróf úr efni annarinnar.

Vinnusemi, frágangur og samvinna.

Stærðfræði 6. bekkur

Kennarar: Sóley Margeirsdóttir og Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Sex tímar í stærðfræði á viku samkenndir með 5. bekk

Hæfniviðmið

Við lok 6. bekkjar geti nemandi:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á eigin reynslu og þekkingu,
- rökrætt af innsæi stærðfræðiverkefni og rökstutt eigin niðurstöður og skilið röksemdir sem settar eru fram af öðrum,
- túlkað og notað einföld stærðfræðiták s.s. tölur og aðgerðamerki og tengt við daglegt mál
- valið og notað hentug verkfæri, svo sem hlutbundin gögn og vasareikni, talnalínur og reiknirit við lausn stærðfræðiverkefna
- þróað fjölbreyttar lausnaleyðir við þrautalausnir með því að nota skráningu með texta, tölum og teikningum,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum hugmyndum nemenda,

- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,
- notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu,
- leyst viðfangsefni úr daglegu lífi með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum,
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, svo sem víxlreglu og tengireglu,
- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt,
- fundið lausnir á einföldum jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar,
- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði,
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum,
- notað mælikvarða og lögun í tengslum við teikningar, ummál, flatarmál og rúmmál,
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma, hitastig með viðeigandi mælikvarða,
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti,
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum,
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum

Náms- og kennslutilhögun

Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt í námsbókum á sínum hraða og sínum forsendum og fá aðstoð eftir þörfum. Kennari leggur inn helstu þætti og aðaláherslur hvers kafla og tekur fyrir ákveðna þætti jafnóðum og þeir koma upp. Námið er aðlagað að þörfum hvers og eins með mismunandi fjölda dæma, ítrekuðum æfingum og aukinni aðstoð við þá sem þess þurfa.

Nemendur eru hvattir til að aðstoða hver annan og ræða saman um lausnir og aðferðir í kennslustundum.

Þeir nemendur sem fylgja ekki ofangreindri námáætlun ljúka við það sem upp á vantar heima. Aðrir fá viðbótarefni eftir þörfum.

Námsgögn

- Stika 2a og 2b. Reikningsbækur, gráðubogi, reglustika, hringfari, reiknivél.
- Kennsluforrit sem fylgir þessu námsefni, á norskum vef „Multi“
- Önnur forrit og leikir af vef
- Önnur námsgögn frá kennara, s.s. teningar, spil, vinnublöð og annað efni.
- Valið efni til að mæta sérstökum þörfum einstakra nemenda.

Grunnþættir menntunar

- *Læsi* á tákni og miðla stærðfræðinnar er forsenda skilnings nemandans. Með þjálfun í að leysa verkefni í hóp og ræða ólíkar lausnir öðlast nemendur færni í að tjá sig með hugtökum stærðfræðinnar og verða læsir á hin ólíku birtingarform hennar. Markmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í leggja merkingu í það sem fengist er við hverju sinni.
- *Sjálfbærni* í stærðfræðikennslunni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Auk þess fá þeir innsýn í hvernig stærðfræði nýtist meðal annars til að finna lausnir á vandamálum daglegs lífs.

- *Lýðræði og mannréttindi* endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum áætlunum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars en um leið að setja sjálfum sér hæfileg markmið.
- *Jafnrétti* í stærðfræðikennslunni birtist fyrst og fremst í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og hæfni á eigin forsendum og hraða og beita fjölbreyttum aðferðum í því augnamiði.
- *Heilbrigði og velferð* nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um verkefni stærðfræðinnar.
- *Sköpun* er veigamikill þáttur í þrautalausnum stærðfræðinnar. Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að finna lausnir á verkefnum sínum. Nemendur verði þess áskynja að sjaldan er aðeins til ein rétt lausn á vanda eða verkefni og oftast má beita margs konar aðferðum til að fá sömu niðurstöðu.

Námsmat

Kaflapróf, tekin við lok hvers kafla.

Jólapróf úr efni annarinnar.

Vinnusemi, frágangur og samvinna.

Samfélagsfræði 5. – 6. bekkur

Kennari: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Steinunn Björg Hlífarsdóttir
Þrjú tímar í samfélagsfræði á viku

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú,
- lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,
- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs,
- borið saman valin trúar- og lífsviðhorf
- borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,

Skipulag kennslunar

Námsefni miðast út frá bókinni **Óðinn og bræður hans – heimur verður til**, þar sem *Iðunn Steinarsdóttir* endursegir Snorra-Eddu fyrir börn. Unnin verða ýmis verkefni upp úr bókinni sem reyna meðal annars á lesskilning og túlkun.

Ein kennslustund á viku hjá Steinunni þar sem námsefnið byggist á bókinni **Ég og sjálfsmyndin**. Þar vinna nemendur verkefni í bókum auk námsefni frá kennara.

Grunnþættir menntunar

- *Læsi*: Læsi á menningu og félagslega þætti samfélagsins er mikilvægur þáttur fyrir hvern einstakling til að hann fái notið sín og geti notið þess sem samfélagið hefur fram að færa. Markmið samfélagsfræðinnar er að hjálpa nemendum að skilja umhverfi sitt nær og fjær, fá innsýn í ólíka menningarheima í tíma og rúmi með umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins að leiðarljósi.
- *Sjálfbærni*: Sjálfbærni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir.

- *Lýðræði og mannréttindi*: Endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með þátttöku í hópvinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars. Samfélagsfræðin gefur auk þess kost á því að fjalla um lýðræði og mannréttindi á margvíslegan hátt.
- *Jafnrétti*: Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda. Samfélagsfræðin býður auk þess upp á fjölmörg tækifæri til að ræða jafnrétti á ýmsum tímum og stöðu jafnréttismála í heiminum í dag.
- *Heilbrigði og velferð*: Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmýnd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- *Sköpun*: Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að vinna verkefni sín.

Námsmat

Þekking nemenda verður könnuð með símati yfir önnina þar sem kannanir verða lagðar fyrir undir lok yfirferðar á ákveðnu efni. Þá verða nemendur metnir út frá kynningum þeirra á námsefninu, virkni og áhuga í kennslutímum.

Hlutfall námsþátt í lokaeinkunn að vetri er eftirfarandi:

Kannanir	40%
Kynningar á völdu efni	40%
Kennaraeinkunn/lykilhæfni	20%

Náttúrufræði 5. og 6. bekkur

Kennari: Bertha Karlsdóttir / Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Fjórir kennslutímar í náttúrufræði í viku.

Námsefni: Maðurinn – Hugur og heilsa með vinnubók og efni frá kennara.

Hæfniviðmið:

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum
- útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna
- gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri og lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið. Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt. Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra
- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra og greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama
- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu
- bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverf. Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi

Skipulag kennslunnar

- Umræður, vísindaleg hugsun og aðferðir, hópvinna, og einstaklingsverkefni.
- Nemendur vinna í verkefnabók og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.
- Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálssar hendur varðandi nálgun og framsetningu.

Grunnþættir menntunar - Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Læsi:* Að nemendur geti lesið einfaldan fræðitexta sér til gagns og geti nýtt sér myndrænar upplýsingar
- *Sjálfbærni:* Að nemendur temja sér lífsvenjur sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar.
- *Lýðræði og mannréttindi:* Að nemendur hafi val um ákveðna námsþætti og efnistöð.
- *Jafnrétti:* Að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi.
- *Heilbrigði og velferð:* Að nemendur fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð og tileinki sér heimbrigða lífnaðarhætti.
- *Sköpun:* Að nemendur vinni verkefni á fjölbreyttan og skapandi hátt, leiti svara, rannsaki og velti vöngum.

Námsmat

10% Kennaraeinkunn/lykilhæfni
25% Verkefni
25% Könnunarpróf
40% Jólapróf

Enska 5. – 6. bekkur

Kennari: Fjóla Kristín B. Blandon

Tvær kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Nemandi geti:

- Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

Náms- og kennslutilhögun

Nemendur vinna í málfræðihefti frá kennara, lesa í frjálislestrarbókum á ensku sem og Bókinni English World 3 ásamt öðru efni. Hver nemandi vinnur á sínum hraða og á sínu getustigi eins og hægt er en allur bekkurinn fer saman yfir grunn málfræðiatríði og orðaforða.

Námsefni

Yes we can verkefnabók og Yes we can nemendabók, ljósritað efni frá kennara og frjálislestrarbækur.

Námsmat

Gefnar eru einkunnir frá 0-10 í lokamati. Til grundvallar því mati liggja kannanir, mat á virkni í tíma og verkefni

Danska 5. – 6. bekkur

Kennari: Björg Kr. Björgvinsdóttir

Nemendur fá 1 x 40 mínútna kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

- *Hlustun:* Að nemandur geti skilið einfalt mál, um efni sem tengist honum sjálfum og hans nánasta umhverfi.
- *Lesskilningur:* Geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs með stuðningi af myndum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- *Samskipti:* Geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst og geti tekið þátt í samskiptaleikjum.
- *Frásögn:* Geti sagt frá fyrirfram ákveðnu efni í einföldu máli.
- *Ritun:* Geti skrifað einfaldan texta um sjálfan sig, fjölskyldu og áhugamál með stuðningi af myndum.
- *Menningarlæsi:* Þekki landfræðilega legu landsins og þekki til þekktra staða.

- **Námshæfni:** Geti sett sér einföld markmið, nýtt sér hjálpartæki s.s. einfaldar orðabækur og læri að nýta sér titil texta og myndir til að auðvelda námið.
- **Námsmat:** Í námsmatinu er stuðst við fjölbreyttar aðferðir s.s. jafningjamat, sjálfsmat og leiðsagnamat. Nemendur skila t.d. verkefnum skriflega eða munnlega í formi kynninga eða sem upptekið efni s.s. stuttmyndir ýmist einstaklingslega eða í hópum. Einkunn í annarlok

Textílmennt 5. – 6. bekkur

Kennari: Björg Kristín Björgvinsdóttir

Nemendur í 5. bekk fá 2 x 40 mínútna kennslustund aðra hverja viku.

Nemendur í 6. bekk fá 2 x 40 mínútna kennslustund aðra hverja viku.

Hæfniviðmið:

- Handverk, aðferðir og tækni. Að nemendur geti notað einfaldar aðferðir innan textílgreinarinnar, beitt viðeigandi verkfærum af öryggi og unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Sköpun, hönnun og útfærsla. Að nemendur geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu og skreytt verk sín á einfaldan hátt. Þekki mismunandi tegundir handverks og kunnir nokkur hugtök sem tengjast greininni
- Menning og umhverfi. Að nemendur geti sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til verðufars, athafna og tilefna. Getir notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara. Unnið er með grunnaðferðir og tækni innan textílmenntarinnar og flóknari aðferðum bætt við smátt og smátt, allt eftir getu hvers og eins.

Námsgögn: Verkefni úr verkefnasafni kennara og verkefni af veraldarvefnum. Ýmis efni og áhöld sem verkefni krefjast.

Grunnþættir menntunar

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga bæði umhverfisvæn og mengandi. Mikilvægt er að nemendur þekki muninn á umhverfisvænu og umhverfisspillandi efnum, læri að umgangast þau rétt og beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda. Í textílmennt vinna nemendur í nánd við hvert annað, læra að taka tillit hvers annars, hjálpa hvert öðru og bera virðingu fyrir hvert öðru, hvert með sína sérstöðu og persónulega stíl og tengjast þar með grunnþáttunum jafnrétti sem og lýðræði og mannréttindi.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn er gefin í annarlok.

Heimilisfræði

Kennari: Erla Berglind Sigurðardóttir/ Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Tvær kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- sagt frá á einfaldan hátt frá heilbrigðum lífstíl og tengslum þeirra við mat,
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,
- útbúið einfaldar en jafnframt hollar máltíðir,
- notað helstu mælieiningar og fylgt uppskrifum,
- farið eftir helstu öryggisreglum í eldhúsi.

Grunnþættir menntunnar

- Læsi: Getið metið og greint áreiðanleika upplýsinga og hæfni til að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem stuðla að heilsu og vellíðan.
- Sjálfbærni: Nemendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um matvörur og geti tekið mið af umhverfissjónarmiðum s.s. matarsóun, úrgangur matar o.s.frv.
- Jafnrétti: Allir fái tækifæri til að matreiða og þrifa.
- Lýðræði og mannréttindi: Nemendur komi sjálfir með hugmyndir að því hvað eigi að matreiða. Hafi áhrif á hópaskiptingar og læri að koma fram við samnemendur að virðingu og kurteisi.
- Heilbrigði og velferð: Átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífennis í gegnum mat.
- Sköpun: Geti þróað og hannað sínar eigin uppskriftir, breytt uppskriftum o.s.frv.

Skipulag kennslunnar.

Kennsluaðferðir: fyrirlestrar, samvinnunám, verklegt nám sem hvetur til skapandi hugsunar og umræður.

Kennsla er bæði verkleg og bókleg og unnið verður í kennslueldhúsi sem og í kennslustofu þeirra.

Námsgögn: Gott og gagnlegt, nemendabók og vinnubók. Uppskriftir og efni frá kennara.

Námsmat

Virkni/Vinnubrögð 30%

Samvinna 30%

Hegðun og framkoma 30%

Sjálfsmat 10 %

Símat: Það sem er metið í símati er virkni, samvinna, hreinlæti og geta.

5. – 6. bekkur upplýsingamennt

Kennari: Steinunn Björg Þorbergsdóttir

Einn tími á viku.

Hæfniviðmið

- Vinnulag og vinnubrögð - Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla - Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.
- Tækni og búnaður - Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna, og notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu.
- Sköpun og miðlun - Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Skipulag kennslunar

Helstu þjálfunarþættir

- Fingrasetning
- Vinna á ýmiskonar forrit s.s. word, powerpoint og excel svo eitthvað sé nefnt, auk ýmissa verkefna sem bæta tölvukunnáttu nemenda.
- Kennsluaðferðir; einstaklingskennsla, hópakennsla, innlagnir o.s.frv.
- Námsgögn; námsefni frá kennara, vefur og tölvuforrit

Grunnþættir menntunar

- Læsi - Að nemendur fái kennslu í að efla upplýsinga- og miðlunarläsi. Einnig að hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifæri og tæknilæsi.
- Sjálfbærni - Að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og viti um helstu hættur vefsins, geti forðast þær og sagt öðrum um þær.
- Jafnrétti - Nemendur geti farið eftir reglum internetsins en einnig nýtt sér internetið á alþjóðargrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi - Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi en einnig aðra í internet heiminum.
- Heilbrigði og velferð - Nemendur geti nýtt internetið til að leita sér aðferða, uppskrifta og leiða til að öðlast heilbrigðs lífennis.
- Sköpun - Geti skapað sína eigin vefsíður, leiki o.s.frv.

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10

Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og verkefni.

Myndmennt

Kennari: Ragna Magnúsdóttir

Kennslustundir: 2 x 40 mínútur á viku aðra hvora viku fyrstu tvær annirnar

Hæfniviðmið

Að vori getur nemandi:

- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,
- nýtt sér einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,
- þekkt hugtök og heiti sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,
- greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi sínu,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,
- sýnt ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- þekki nöfn og verk þekkra listamanna.

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir:

Fyrst og fremst er um að ræða sýnikennslu þar sem kennari sýnir nemendum ákveðnar aðferðir eða tækni og nemendur vinna síðan verkefni. Kennari sýnir verk valinna listamanna og stíl verka þeirra og nemendur fá að spreyta sig á að vinna verkefni í þeim anda. Nemendur eru hvattir til að skoða umhverfi sitt og gaumgæfa hvernig unnt er að hafa áhrif á okkur með myndum, litum og formum, ekki síst í nútíma neyklusamfélagi.

Skipulag í kennslustofunni

Nemendur vinna yfirleitt einir að sínum verkefnum en uppröðun í stofunni er þannig að nemendur sitja saman. Af og til er unnið í litlum hópum.

Heimanám

Heimanám verður ekki lagt fyrir

Námsgögn:

- efni og áhöld sem eiga við hverju sinni,,
- verkefni og efni af veraldarvefnum,
- efni frá kennara

Grunnþættir menntunar

- *Læsi* á tákneim mynda og sjónræns áreitis í víðum skilningi þess orðs er nauðsynleg í nútíma samfélagi. Markmið með myndlistarkennslu er að gera nemendur læsa á þann tákneim sem alls staðar er í kringum okkur. Þjálfun í að beita miðlum myndlistarinnar gerir nemendur færari til að miðla eigin hugmyndum og eflir frumkvæði þeirra.
- *Sjálfbærni* byggist meðal annars á því að kenna nemendum að nýta efnivið sem ella færi í ruslið og að fara vel með þau efni sem unnið er með hverju sinni.
- *Lýðræði og mannréttindi* endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum verkefnum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars.

- *Jafnrétti* birtist meðal annars í því að allir nemendur fá að vinna að sínum verkefnum eftir getu og þörfum þeirra mætt af skilningi og virðingu. Nemendur skulu temja sér að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.
- *Heilbrigði og velferð* nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um viðfangsefni myndlistarinnar.
- *Sköpun* er undirstaða allra listgreina og með markvissri þjálfun fá nemendur aukið sjálfstraust og frumkvæði til að finna sköpunargleði sinni farveg. Með því að efla skapandi hugsun eykst geta nemenda til að leysa fjölbreytt verkefni í daglegu lífi og námi.

Námsmat

Nemendur fá umsögn í lok fyrstu tveggja anna en í lok þriðju annar og um leið skólaárs er gefin einkunn. Ákveðin verkefni sem nemendur vinna á árinu verða lögð til grundvallar matinu og auk þess símat á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda.

Þegar verkefni eru metin er horft til:

- **Hæfni** við að beita þekkingu og tækni
- **Frumkvæði og sköpun** í útfærslu verkefnis
- **Sjálftæði** í vali á efni, litum og formum til tjáningar
- **Ábyrgð** í umgengni og frágangi og framkomu við aðra nemendur

Skólaíþróttir

Kennari: Margrét Ólafsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í mismunandi boltaleikjum,
- sýnt einfaldar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,
- unnið með að vinna saman í hópum,
- unnið með það að vinna og tapa,
- haldið áfram með undirstöðu atriði sunds s.s. bringu-, skrið- skólabak- og baksund. Stinga sér af bakka, grunnatriði í flugsundi,
- farið eftir helstu öryggisreglum bæði í sundlaug og íþróttahúsi.

Grunnþættir menntunnar

- *Læsi*: Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.
- *Sjálfbærni*: Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim ánægju og sem þeim þykir áhugaverður.
- *Jafnrétti*: Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.
- *Lýðræði og mannréttindi*: Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisni.
- *Heilbrigði og velferð*: Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.
- *Sköpun*: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir: hópkenntla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv.

Námsgögn: tæki og tól s.s. flár, núðlur, dýnur, bolta o.s.frv. og leikir.

Námsmat

Einkunnir eru gefnar frá 1 – 10

Það er símat á önninni. Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og hæfni.

ART – lífsleikni

Anger Replacement Training

Kennari: Helga Sunna Sigurjónsdóttir

Kennslutilhögun:

Kennslutími 40 mínútur

Um er að ræða samkenntlu 5. – 6. bekkjar

Hæfniviðmið

Við lok annar geti nemandi:

- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda,
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna,
- sett sig í spor annarra jafnaltra,
- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni,
- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi.

Kennsluhættir:

Laugalandsskóli er ART skóli sem þýðir að allir kennarar hans hafa farið á námskeið í ART þjálfun (ART þýðir Aggression Replacement Training). Kennslan miðar að því að auka samskiptafærni nemenda, efla sjálfstraust þeirra og sjálfsmat og hjálpa þeim að finna jákvæðar og uppbyggilegar leiðir til að leysa ágreining.

Kennsluefninu er skipt í þrjú flokka; félagsfærni, reiðistjórnun og siðferðisþjálfun. Kennslan er skipulögð miðað við 12 vikna námskeið þar sem kennt er þrisvar í viku. Að námskeiði loknu er 1 tími á viku í ARTi

Kennslugögn og námsefni:

Mappa með hugmyndum og leiðbeiningum frá ISART. Félagfærnisögur, gögn og rit sem hæfa þjálfun félagsfærni.